



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

15. maí 2026

Mál nr. E-5855/2025:

Stefnandi: A

(Gunnar Gíslason lögmaður)

Stefndi: Íslenska ríkið

(Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður)

Dómari: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, föstudaginn 15. maí 2026, í máli nr. E-5855/2025:

A

(Gunnar Gíslason lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 28. apríl 2026, höfðar A, kt. [...], [...], með stefnu birtri 20. október 2025 á hendur íslenska ríkinu.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 90.000 kr. ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 19. desember 2021 til 22. ágúst 2024, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst þess jafnframt að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 19. desember 2022.

Stefnandi krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst lækkunar fjárfkrafa stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Stefndi krefst þess til vara að málskostnaður milli aðila falli niður.

Málsatvik

Stefnandi höfðar þetta mál til þess að sækja miskabætur úr hendi stefnda vegna rannsóknaraðgerða lögreglu og afleiðinga þeirra fyrir stefnanda.

Atvikið sem er tilefni þessa máls varð aðfaranótt sunnudagsins 19. desember 2021, 24 dögum áður en stefnandi yrði 18 ára, 12. janúar 2022. Í dagbók lögreglu, sem var rituð þá um nóttina, segir að hringt hafi verið í lögreglu, kl. 01:54. Tilkynnandi bar að á bensínstöð Olís við Álfheima í Reykjavík væri maður í andlegu ójafnvægi, sem talaði í síma og segðist vera með hníf. Þessi tilkynning fékk nr. [...] í málaskrá Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki var rituð sérstök lögregluskýrsla um málið en samkvæmt dagbók lögreglu voru, þegar lögregla kom á vettvang, þrír menn í bifreiðinni [...], á bifreiðastæðinu við Olís. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera stefnandi, en með honum voru tveir vinir hans. Lögreglan ræddi við þá alla á vettvangi. Einn þeirra kvaðst hafa stigið út úr bifreiðinni í skamma stund til að kasta af sér vatni á meðan hann ræddi við einhvern í

síma en kvaðst ekki hafa talað um hníf. Stefnandi, sem var ökumaður bifreiðarinnar, heimilaði lögreglu leit í bifreið sinni. Ekkert sagnæmt fannst við þá leit. Lögregla gerði ekkert frekar og mun hafa farið af vettvangi kl. 02:15.

Fyrir dómi lýsti stefnandi atvikinu þannig að hann hefði verið á rúntinum með tveimur vinum sínum. Annar þeirra hefði þurft að ræða við kærustu sína og því hefði stefnandi ekið inn á bifreiðastæði Olís við gatnamót Suðurlandsbrautar og Álfheima og lagt þar. Vinur hans hefði stigið út úr bifreiðinni til þess að ræða við kærustu sína og hefðu þau eitthvað verið að rífast. Áður en stefnandi vissi af hefði stórum lögreglu-bíl verið ekið inn á bílastæðið og tveir lögreglumenn stigið út. Þeir hefðu óskað eftir að fá að leita á honum en því hefði hann neitað því hann hefði ekkert gert af sér. Þeir hefðu óskað eftir að fá að leita á vinum hans sem vinir hans hefðu samþykkt. Að því búnu hefði lögreglan óskað eftir að fá að leita í hanskahólfi bifreiðarinnar sem stefnandi hefði leyft. Þegar því var lokið hefði lögreglan ekið á braut.

Tveimur árum og sjö mánuðum eftir þetta atvik krafðist lögmaður stefnanda, með bréfi dags. 22. júlí 2024, miskabóta fyrir hönd stefnanda á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, vegna leitar lögreglu í bifreið stefnanda. Ríkislögmanni var veittur frestur til og með 16. september 2024 til þess að gera grein fyrir afstöðu íslenska ríkisins til bótaskyldu.

Í svarbréfi, dags. 10. febrúar 2025, féllst ríkislögmaður á bótaskyldu vegna málsins og bauð fram bætur að fjárhæð 25.000 kr. Stefnandi samþykkti ekki boðnar bætur, þar eð hann taldi fjárhæð þeirra hvorki endurspegla miska sinn né dómaframkvæmd í sambærilegum málum. Hann höfðaði því þetta mál með stefnu birtri 20. október 2025, þegar tæp fjögur ár voru liðin frá atvikinu.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína um miskabætur úr hendi stefnda á því að samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála eigi maður, sem hafi verið borinn sökum í sakamáli, rétt til bóta hafi mál hans verið fellt niður. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar skuli dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.–XIV. kafla laganna séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Þó megi fella niður bætur eða lækka þær hafi sakborningur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á.

Stefnandi áréttar að bótaábyrgð ríkisins samkvæmt 1. mgr. 246. gr. sé hlutlæg. Sakborningar eigi því rétt á bótum nema því verði slegið föstu svo óyggjandi sé að þeir hafi valdið eða stuðlað að rannsóknaraðgerðum, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Sönnunarbyrði fyrir því að síðastnefnt ákvæði eigi við hvíli á íslenska ríkinu.

Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt til greiðslu miskabóta á grundvelli 246.

gr. vegna þeirrar þvingunaraðgerðar sem hann hafi mátt þola í fyrrgreindu máli lögreglu nr. [...]. Bótaskylda íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðinu hafi stofnast þar eð framangreint mál hafi verið fellt niður og hann hafi mátt þola leit á grundvelli 74. gr. laga um meðferð sakamála

Stefndi hafi viðurkennt bótaskyldu og því sé óumdeilt að stefnandi eigi rétt á miskabótum á grundvelli 246. gr. Aðilar deili hins vegar um bótafjárhæð.

Stefnandi telji að við mat á miska hans verði að líta til þess að með aðgerðum lögreglu hafi verið gengið gegn grundvallarréttindum hans til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Miski stefnanda markist af því að brotið hafi verið gegn þessum grundvallarrétti hans. Enn fremur byggji stefnandi á því að við mat á miska hans verði litið til þess að hann hafi verið undir lögaldri er afskipti voru höfð af honum 19. desember 2021, en hvorki foreldrum/forráðamönnum né barnaverndaryfirvöldum hafi verið gert viðvart um málið. Stefnandi byggji á því að eðli málsins samkvæmt sé miski hans því hærri. Að þessu virtu telur stefnandi miska sinn hæfilega metinn 90.000 kr.

Til viðbótar framangreindum lagarökum vísar stefnandi til meginreglna skaðabóta- og refsiréttar auk meginreglna opinbers réttarfars og stjórnarskrárinnar um þvingunaraðgerðir.

Stefnandi krefst vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá hinum bótaskylda atburði, 19. desember 2021, til 22. ágúst 2024 þegar liðinn var mánuður frá því að bótakrafa var sett fram, 22. júlí 2024. Þá krefst stefnandi dráttarvaxta frá sama degi til greiðsludags, sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Í bótakröfunni hafi atvikum verið lýst og óskað eftir afstöðu stefnda til bótaskyldu vegna fyrrgreindra þvingunarráðstafana. Með hliðsjón af því verði að telja stefnda þá hafa haft þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, í skilningi 9. gr. laga nr. 38/2001. Krafa stefnanda um vaxtavexti byggist á 12. gr. sömu laga.

Stefnandi byggji kröfu um málskostnað á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess að stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og sé því nauðsynlegt að fá dóm fyrir þeim skatti úr hendi stefnda, sbr. lög nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir málatilbúnaði stefnanda og málsástæðum sem röngum, órökstuddum og ósönnuðum. Stefnandi áréttar að hann hafi þegar viðurkennt bótaskyldu gagnvart stefnanda á grundvelli hlutlægrar bótareglu 3. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Stefnanda hafi verið boðnar bætur með hliðsjón af dómaframkvæmd og lyktum samþætilegra mála. Stefnandi telji að lækka beri dómkröfur stefnanda verulega.

Í dómaframkvæmd hafi lögmæti þvingunaraðgerða lögreglu ekki verið talið skipta máli við mat á bótaskyldu samkvæmt 246. gr., séu bótaskilyrði 3. mgr. 246. gr. fyrir hendi. Þannig hafi það ekki verið talið skipta máli hvort lögmæt skilyrði hafi brostið til aðgerða sem hafi haft í för með sér tjón eða að ekki hafi verið nægilegt til efni til að grípa til þeirra eða þær farið fram á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Allt að einu byggji stefndi á því að sú aðgerð sem gripið var til, sem fólst í leit í bifreið stefnanda, hafi verið fyllilega lögmæt og réttmætt tilefni hafi verið til hennar enda hefði lögreglu borist tilkynning um mann sem segðist vera með hníf. Lögreglu hafi því borið að bregðast strax við, sbr. m.a. 1. mgr. 15. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Meðalhófs hafi verið gætt í hvívetna enda hafi aðgerð lögreglu aðeins staðið yfir í örfáar mínútur. Þá verði ekki framhjá því litið að stefnandi hafi heimilað lögreglu leit í bifreiðinni.

Fjárkröfu stefnanda er mótmælt sem allt of hárrí og í engu samræmi við dómaframkvæmd og lyktir sambærilegra mála. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á að boðnar bætur séu of lágar ellegar að meint tjón hans áskilji honum rétt til greiðslu miskabóta sem nemi margfalt hærri fjárhæð en dæmd hafi verið í sambærilegum málum.

Þá mótmæli stefndi jafnframt þeim málalíbúnaði stefnanda að hann hafi sýnt fram á að hafa orðið fyrir auknum miska vegna umræddrar þvingunarráðstöfunar. Við mat á miskabótum beri að líta til þess að í umrætt sinn hafi aðgerðir lögreglu ekki falist í öðru en leit í bifreið í örfáar mínútur. Þegar litið sé til þeirra heimilda sem lögregla hafi til inngríps í friðhelgi einkalífs borgara samkvæmt lögum nr. 88/2008 verði leit í bifreið að teljast nokkuð léttvæg aðgerð nema eitthvað sérstakt komi til. Stefnandi hafi verið tæpra 18 ára þegar atvik málsins urðu. Í ljósi eðlis aðgerðarinnar sem hann mátti sæta verði ekki séð að ungur aldur hans leiði til hærri miskabóta en ella þótt hann hafi ekki verið orðinn lögráða. Að auki taki stefndi fram að á lögreglu hafi ekki hvílt nein lagaskylda til að tilkynna foreldrum/forráðamönnum stefnanda eða barnaverndaryfirvöldum um umrædda leit sem stefnandi samþykkti. Þá verði ekki séð að skortur á slíkri tilkynningu sé til þess fallinn að valda stefnanda auknum miska.

Stefndi mótmæli þeim málsástæðum stefnanda að brotið hafi verið gegn ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu við aðgerðir lögreglu. Laga-skilyrði hafi verið uppfyllt fyrir þeirri þvingunarráðstöfun sem gripið var til og framganga lögreglu verði ekki talin hafa farið gegn ákvæðum lögreglulaga eða öðrum skráðum eða óskráðum meðalhófsreglum eða falið í sér brot á grundvallarréttindum stefnanda.

Stefndi mótmæli vaxtakröfu stefnanda sem rangri og órökstuddri. Miskabætur á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 séu dæmdar að álitum og beri ekki skaðabóta-

vexti, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Upphafsdagi dráttarvaxta er einnig mótmælt, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, enda hafi stefnanda verið boðnar hæfilegar bætur í samræmi við dómaframkvæmd frá upphafi. Þá mótmæli stefndi einnig kröfu stefnanda um vaxtavexti á grundvelli 12. gr. laga nr. 38/2001 þar eð miskabætur á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 beri ekki slíka vexti.

Stefndi vísar til ákvæða laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, lögreglulaga nr. 90/1996, skaðabótalaga nr. 50/1993, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og almennta reglna sakamálaréttarfars og skaðabótaréttar. Til stuðnings málskostnaðarkröfu vísar stefndi til ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Eins og áður segir höfðar stefnandi þetta mál til þess að sækja bætur úr hendi ríkisins. Bótakröfu sína byggir hann á 246. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins á maður sem hefur verið borinn sökum í sakamáli rétt til bóta samkvæmt 2. mgr. hafi mál hans verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann hafi verið talinn ósakhæfur.

Samkvæmt 2. mgr. skal dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2008 séu skilyrði 1. mgr. fyrir hendi. Þó má fella niður bætur eða lækka þær hafi sakborningur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á.

Vopnaburður á almannafæri er bannaður skv. 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Lögreglu var tilkynnt um mann, á þeim stað þar sem stefnandi hafði lagt bifreið sinni, sem ræddi í síma og segðist vera með hníf. Afskipti lögreglu voru því ekki tilefnislaus, þótt tilkynningin sem hún brást við hafi að öllum líkindum byggst á misskilningi.

Hér er ekki deilt um það að lögregla hafi leitað í hanskahólfi í bifreið stefnanda en hafi ekki aðhafst frekar og ekki leitað á líkama stefnanda þegar hann hafi ekki veitt leyfi til þess. Stefndi hefur boðið stefnanda 25.000 kr. í bætur fyrir þann miska sem stefnandi hafi hlotið af þessari leit en hann telur þær of lágar. Það virðist einkum stafa af því að atvikið varð 24 dögum áður en stefnandi yrði fullra 18 ára. Hann hafi því verið barn að aldri og miski hans meiri af þeim sökum.

Þroski manna er misjafn og því misjafnt hvenær fólk hefur náð þeim þroska að teljast ekki lengur barn heldur fullorðinn. Það gerist ekki yfir nótt og ekki nákvæmlega þann dag þegar fólk verður fullra 18 ára og fær sjálfræði sitt. Stefnandi virðist þó leggja það til grundvallar að hefði lögreglan haft afskipti af honum 24 dögum síðar hefði miski hans verið minni.

Allt fram til 1. janúar 1998, þ.e. við gildistöku lögræðis laga nr. 71/1997, urðu menn sjálfráða 16 ára. Sjálfræðisaldur er því ákvörðun löggjafans. Af þeirri ákvörðun verður ekki dregin óyggjandi ályktun um þroska sérhvers manns, t.d. sú að hann hafi

þroska barns allt þar til hann er orðinn fullra 18 ára.

Í mörgum lögum er lagt til grundvallar að með hverju ári aukist þroski fólks, í það minnsta þess sem er á unglingsárum, þ.e. að færast af þroska barns yfir í þroska fullorðins. Þannig er í 92. gr. laga nr. 80/2002 um útvistartíma barna mælt svo fyrir að börn, 12 ára og yngri, megi ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

Jafnvel í barnaverndarlögum er gert ráð fyrir að þeir sem hafa ekki sjálfræði hafi náð þeim þroska að þeir geti tekið ýmsar ákvarðanir í málum sem varða þá sjálfa. Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. laganna skal sá sem ekki hefur náð 15 ára aldri fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir barnaverndarþjónustunni standi til að taka ákvörðun skv. a- eða b-lið 1. mgr. 25. gr. gegn vilja hans. Í 24. gr. laganna, sem fjallar um úrræði barnaverndarþjónustu, segir að beinist úrræði eingöngu að barni sem orðið er 15 ára nægi samþykki þess. Sá sem hefur náð 15 ára aldri er einnig talinn hafa náð þeim þroska að geta verið aðili að barnaverndarmáli skv. 1. mgr. 46. gr. laganna, hann getur stefnt sér inn í það og gert þar sjálfstæðar kröfur, m.a. gegn eigin foreldrum.

Reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga er sett með stoð í 63. gr. f í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. 12. gr. laga nr. 52/1997. Reglugerðin tekur til vinnu fólks sem er yngra en 18 ára. Samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar er sá barn sem er yngri en 15 ára eða er í skyldunámi. *Unglingur* er sá sem er 15 ára eða eldri en þó yngri en 18 ára og er ekki lengur í skyldunámi. *Ungmenni* er sá sem er yngri en 18 ára. Út frá þessum aldurs- og þroskaviðmiðum er vinnutími og hvíldartími ákveðinn.

Skólaskyldu lýkur við 16 ára aldur. Þá er gert ráð fyrir að fólk geti farið að vinna fyrir sér, þótt framfærsluskylda foreldra falli ekki niður. Ekkert kemur í veg fyrir að fólk eignist börn og ali upp börn þótt það sé langt innan við sjálfræðisaldur samkvæmt lögræðislögum.

Enn fremur má líta til þess að þeir sem hafa náð 15 ára aldri eru taldir sakhæfir skv. 14. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um meðferð sakamála kemur lögráðamaður fram sem fyrirvarsmaður ólögráða sakborning eftir því sem þörf krefur. Lögráðamaður tekur þó einungis ákvarðanir fyrir hönd hins ólögráða sem hann er ekki talinn bera skynbragð á eða fær um að taka. Í frumvarpi til laga um meðferð sakamála segir að lagt sé til í 2. mgr. 27. gr. að lögráðamaður einstaklings, sem sé sakaður eða grunaður um refsiverða háttsemi, skuli ávallt talinn fyrirvarsmaður hans í merkingu laganna og því hafa sömu réttarstöðu og hinn ólögráða maður skv. 4. mgr. greinarinnar. Það ráðist hins vegar af eðli máls og fari eftir atvikum hvort lögráðamaður taki ákvarðanir fyrir hönd hins ólögráða. Það er því

alls ekki þannig að ólögráða fólk geti ekki tekið ákvarðanir í málum sem varða það, jafnvel sakamálum sé viðkomandi talinn bera skynbragð á og vera fær um að taka þær.

Til frekara marks um það að ákveðinn árafjöldi skv. lögræðislögum verði ekki lagður til grundvallar við mat á því hvort einhver hafi náð þeim þroska að geta tekist á hendur ábyrgðarmikil verkefni má nefna að skv. umferðarlögum nr. 77/2019 má veita ökuskírteini þeim sem er fullra 17 ára, sér nægilega vel og er að öðru leyti nægilega heilbrigður, andlega og líkamlega, til þess að geta stjórnað ökutæki örugglega.

Stefnandi hafði tekið ökuréttindi og hlýtur því að hafa uppfyllt áður nefnd skilyrði umferðarlaga. Hann taldi sig nógu fullorðinn til þess að vera við akstur um miðja nótt í miðjum desember þegar myrkrið er svartast og allra veðra von. Hann var nógu fullorðinn og þroskaður til þess að mótmæla því að leitað yrði eftir hníf á honum utan klæða.

Telja verður að sá sem uppfyllir skilyrði laga til þess að hafa umráð bifreiðar geti einnig heimilað lögreglumönnum leit í henni, þar með talið í hanskahólfi. Til þess er að líta að lögregla var einungis að bregðast við tilkynningu borgara og var stefnandi aldrei neinum sökum borinn.

Eins og rakið hefur verið endurspeglast víða í lögum sú staðreynd að aukinn þroski helst alla jafna í hendur við hækkaðan aldur. Með auknum þroska ráða menn alla jafna við erfiðari aðstæður en menn gerðu t.d. árið áður eða nýjar aðstæður. Að sama skapi verður að gera ráð fyrir að þol manna fyrir miska aukist með hærri aldri og auknum þroska.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að sá þroski sem hann hefði hugsanlega tekið út á þeim 24 dögum sem eftir lifðu þar til hann náði sjálfræðisaldri að lögum hefði verið svo umtalsverður að hann hefði 12. janúar 2022 orðið fyrir minna áfalli við það að leyfa lögreglu að líta í hanskahólf bifreiðar sem hann hafði umráð yfir en því áfalli sem hann segist hafa orðið fyrir af þeim sökum 19. desember 2021.

Ekkert bendir til þess að þroski hans hafi verið minni en annarra á svipuðum aldri eða að hann hafi á einhvern hátt verið veikari fyrir en þeir. Stefndi hefur ekkert fært fram því til sönnunar að miski hans hafi verið meiri en almennt má gera ráð fyrir að fylgi aðgerð sem þessari.

Með vísan til dóms Landsréttar í máli nr. 538/2020, sem var kveðinn upp 17. desember 2021, þ.e. tveimur dögum áður en lögregla hafði afskipti af stefnda, þykja bætur stefnanda hæfilega ákveðnar 25.000 kr.

Stefnandi krefst vaxta úr hendi stefnda skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá tjónsdegi til 22. ágúst 2024 þegar liðinn var mánuður frá því að stefnda var sent kröfu-bréf. Stefndi mótmælir vaxtakröfunni einkum með þeim rökum að skaðabótavextir falli ekki á miskabætur sem séu dæmdar að álitum.

Í ritum fræðimanna um vexti af skaðabótakröfum kemur fram að ákvæði vaxtalaga um vexti af skaðabótakröfum sæti undantekningum, einkum hafi málshöfðun dregist á langinn af ástæðum sem eru ekki á ábyrgð tjónvalds. Eins og áður segir liðu tvö ár og sjö mánuðir frá atvikinu þar til lögmaður stefnanda ritaði stefnda kröfubréf. Rétt er að stefndi tók sér rúma sex mánuði til þess að svara erindinu en bauð þá þegar bætur sem hann taldi samræmast atvikinu. Stefnandi höfðaði málið rúmum átta mánuðum eftir að honum varð ljóst hvaða bætur stefndi bauð. Þrátt fyrir þann tíma sem stefndi tók sér í að svara erindi stefnanda verður ekki lögð á hann ábyrgð á því að næstum fjögur ár liðu frá atvikinu og þar til málið var höfðað.

Með vísan til þess, svo og þess að stefnanda voru þegar í upphafi boðnar sanngjarnar bætur fyrir þann miska sem gera mátti ráð fyrir af atviki sem þessu, verður ekki fallist á að krafa stefnanda beri skaðabótavexti. Fallist er á að á bótafjárhæðina falli dráttarvextir frá dómsuppsögu. Ekki er þörf á að taka afstöðu til kröfu stefnanda um vaxtavexti.

Samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. 248. gr. laga nr. 88/2008 hefur stefnandi lögbundna gjafsókn. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, 13. maí 2025, var honum veitt gjafsókn til að reka þetta mál fyrir héraðsdómi. Gjafsóknarkostnaður hans greiðist því úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns hans, Gunnars Gíslasonar, sem þykir í ljósi atvika málsins hæfilega ákveðin 500.000 krónur. Samkvæmt dómvenju er virðisaukaskattur ekki meðtalinn í fjárhæðinni.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R D

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Rafael Fannari Oddgeirssyni, 25.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns hans, Gunnars Gíslasonar, 500.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ingiríður Lúðvíksdóttir